



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BEETHOVEN KONJÁNÓ SERTAR

9. MARS 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru teknir upp í mynd og sendir beint út á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands sinfonia.is.

Þeir eru einnig sendir út á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Sinfónía: 21'

Píanókonsert nr. 2: 36'

Píanókonsert nr. 3: 36'

Uptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS I

Matthew Halls
hljómsveitarstjóri

Paul Lewis
einleikari

EFNISSKRÁ

Joseph Haydn
Sinfónía nr. 96 í D-dúr, „Kraftaverkið“ (1791)
Adagio — Allegro
Andante
Menuetto: Allegretto
Finale: Vivace

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 2 í B-dúr, op. 19 (1795/1801)
Allegro con brio
Adagio
Rondo — molto allegro

HLÉ

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 3 í c-moll, op. 37 (1800–1801)
Allegro con brio
Largo
Rondo — Allegro

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS

Píanókonsertar Ludwigs van Beethoven eru meðal hans helstu meistaraverka. Beethoven var sjálfur snillingur á píanóið og í konsertunum kannar hann með nýjum hætti þanþol hljóðfærisins, sem þá var í örri þróun, og samspil þess við hljómsveitina sem sömuleiðis var stærri en tíðkast hafði nokkrum áratugum fyrr.

Nú efnir Sinfóníuhljómsveit Íslands til Beethoven-hrings og flytur alla píanókonserta hans á þrennum tónleikum ásamt enska verðlaunapíanistanum Paul Lewis. Með konsertunum hljóma sínfóníur eftir þrjá samtímamenn Beethovens sem settu mark sitt á tónlistarlífið í Vínarborg: Haydn, Mozart og Schubert.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tvívegis áður flutt alla fimm píanókonserta Beethovens sem „hring“. Starfsárið 1988–89 voru það íslensku píanistarnir Guðmundur Magnússon, Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Gísli Magnússon og Halldór Haraldsson auk þýska píanóleikarans Christians Zacharias sem fóru með einleikshlutverkin, en 2006–07 léku konsertana þau Olli Mustonen, Víkingur Heiðar Ólafsson, Christina Ortiz og John Lill.

Beethoven-hringurinn hefst með tónleikunum í kvöld, á afmælisdegi hljómsveitarinnar. Röðin heldur svo áfram á næsta starfsári með tónleikum í september og febrúar.



MATTHEW HALLS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Breski hljómsveitarstjórinn og semballeikarinn Matthew Halls er vinsæll gestur hljómsveita og óperuhúsa og nýtur virðingar sem kraftmikill og líflegur túlkandi tónlistar allra tímabíla tónlistarsögunnar. Hann gegnir nú stöðu listræns stjórnaða Bach-hátíðarinnar í Oregon fjórða árið í röð.

Norðamerískar hljómsveitir sækjast í auknum mæli eftir kröftum hans og hefur hann m.a. stjórnað Calgaryfilharmóníunni, sinfóníuhljómsveitunum í Dallas, Houston og Seattle sem og hljómsveitunum í Cleveland og Filadelfíu. Þá þreytti hann nýlega frumraun sína með Toronto-sinfóníunni í 9. sinfóníu Beethovens og sagði gagnrýnandi Toronto Star um flutninginn, að Halls hefði laðað fram kraftinn og spennuna sem áheyrendur hlytu að hafa upplifað við frumflutninginn fyrir næstum 200 árum.

Hápunktar starfsársins hjá Matthew Halls vestanhafs eru tónleikar í Lincoln Centre með Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg og tónleikar með Cleveland-hljómsveitinni, Calgary-filharmóníunni og sinfóníuhljómsveitunum í Milwaukee, Indianapolis og Cincinnati.

Í öðrum heimshlutum hefur Halls stjórnað hljómsveitinni Concentus Musicus í Vín, Konzerthaushljómsveitinni í Berlín, Konunglegu skosku þjóðarhljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveitinni í Melbourne svo dæmi séu tekin. Þá stjórnar hann á þessu tónleikaári Konunglegu filharmóníuhljómsveitinni í London, Vínarsinfóníunni og NDR-útvarpshljómsveitinni í Hamborg í fyrsta sinn.

Hljóðritanir hans sem hljómsveitarstjóra og semballeikara hafa unnið til verðlauna, m.a. diskar með óperunni *Parnasso in Festa* eftir Händel ásamt The King's Consort fyrir Hyperion-hljómplötufrýrtækið og fjórir sembalkonsertar Bachs sem Halls lék og stjórnaði frá hljóðfærinu og voru gefnir út af Linn Records.

Matthew Halls sótti framhaldsmenntun sína í Háskólann í Oxford og gegnir nú fastri stöðu sem kennari við stofnunina. Þá vinnur hann reglulega með ungum tónlistarmönnum á námskeiðum og í sumarskólum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Matthew Halls kemur nú í fimmta sinn sem gestur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann kom fyrst í októberlok árið 2009 og stjórnaði þremur verkum Mozarts á tónleikum í Háskólabíói. Þá stjórnaði Halls óratóriunni Messíasi á aðventutónleikum í Eldborg árið 2011 og tveimur árum síðar stóð hann aftur í brúnni í upphafi aðventu. Síðast stjórnaði hann hljómsveitinni nú í febrúarbyrjun á tónleikum sem báru yfirskriftina Stravinskij og Britten.



PAUL LEWIS

EINLEIKARI

Paul Lewis nýtur virðingar sem einn fremsti tónlistarmaður sinnar kynslóðar. Hljóðritanir hans á helstu verkum Beethovens og Schuberts hafa hvarvetna hlotið einróma lof og staðfest stöðu hans sem eins fremsta túlkanda miðevrópskrar tónlistar klassíska tímabilsins. Hann hefur verið útnefndur hljóðfæraleikari ársins af Royal Philharmonic Society og meðal annarra viðurkenninga sem honum hafa hlotnast eru tvenn Edison-verðlaun, þrenn Gramophone-verðlaun og þýsku sem og frönsku (Diapason d'Or de l'Année) gagnrýnenda-verðlaunin. Þá hefur Lewis verið heiðraður af nokkrum háskólum og opinberum stofnunum.

Paul Lewis er reglulegur gestur fremstu hljómsveita en meðal þeirra eru Sinfóníuhljómsveitirnar í Boston og Chicago, Lundúnasinfónían, Fílharmoníuhljómsveitin í London, Bæverska útvarpshljómsveitin, NHK-hljómsveitin í Tókýó, fílharmoníuhljómsveitirnar í New York og Los Angeles, Konunglega Concertgebouw-hljómsveitin í Amsterdam, Cleveland-hljómsveitin, Tonhalle-hljómsveitin í Zürich, Gewandhaus-hljómsveitin í Leipzig, Philharmonia í Lundúnum og Mahler-kammersveitin.

Á þessu starfsári leikur Lewis píanókonserta Beethovens með Melbourne sinfóníunni, Ríkissinfóníuhljómsveitinni í São Paulo og Konunglegu flæmsku fílharmoníunni í Amsterdam. Meðal annarra gestgjafa hans eru Orchestre de Paris með Daniel Harding, Philharmonia í Lundúnum og Andris Nelsons, Chicago-sinfónían ásamt Manfred Honeck og Bæverska útvarpshljómsveitin undir stjórn Bernards Haitink. Þá heldur hann einleikstónleika í Royal Festival Hall í London, Alice Tully og Carnegie Hall í New York, Musikverein og Konzerthaus í Vínarborg, Théâtre des Champs-Élysées í París, Concertgebouw í Amsterdam og í Philharmonie og Konzerthaus í Berlín.

Paul Lewis er vinsæll gestur helstu tónlistarhátíða þar á meðal BBC Proms þar sem hann varð fyrstur manna til að leika alla píanókonserta Beethovens á einni og sömu hátíðinni árið 2010.

Paul Lewis lærði hjá Joan Havill í Guildhall School of Music and Drama í London og sótti síðar einkatíma hjá Alfred Brendel. Hann er listrænn stjórnandi Midsummer Music sem er árleg kammertónlistarhátíð í Buckingham-skíri á Englandi. Þá er hann stjórnandi alþjóðlegu píanókeppninnar í Leeds.



JOSEPH HAYDN

SINFÓNÍA NR. 96, „KRAFTAVERKIÐ“

Joseph Haydn (1732–1809) samdi 107 sínfóníur á langri ævi. Þær fyrstu skrifaði hann um miðjan þrítugsaldurinn þegar hann var í þjónustu Morzins greifa, hefðarmanns í austurríska keisaradæminu og eftir það að jafnaði tvær sínfóníur á ári. Síðustu tólf sínfóníur hans „Lundúna-sínfóníurnar“ eru meðal bestu verka hans.

Góð tónlist hefur frá ómuna tíð verið í hávegum höfð í London og var Haydn vinsæll þar löngu áður en hann steig fæti sínum fyrst á breska grund. Hann samdi sínfóníuna nr. 96 í fyrstu ferð sinni til borgarinnar og þó að talan gefi til kynna að hún sé sú fjórða af Lundúnasínfóníunum er hún í raun sú fyrsta sem hann samdi og þeirra fyrst til að hljóma opinberlega. Haydn lauk við verkið snemma á dánarári Mozarts 1791 og var það frumflutt ásamt 95. sínfóníunni í 500 manna sal í Hanover Square Rooms þá um vorið. Sagan segir að á tónleikunum hafi stór kertaljósakróna fallið niður í áheyrendasalinn, en þar sem ákafir tónleikagestir höfðu flykkst upp á sviðið í stað þess að sitja í sætum sínum, hefðu engin slys orðið. Síðari tíma rannsóknir hafa aftur á móti leitt í ljós að líklega átti þetta tilvik sér stað við flutning sínfóníunnar nr. 102.

Kraftaverksínfónían er sú glaðlegasta af Lundúnarsínfóníunum tólf. Eftir hægán inngang þar sem stefið birtist bæði í dúr og moll hljómar allegro-kaflinn þar sem Haydn leikur sér meðal annars með óvænt tóntegundaskipti og skoplegar, dramatískar þagnir. Í andante-kaflanum ríkir sveitastemning sem í miðjunni er rofin af dramatískri fúgu í moll. Undir lok kaflans fá svo tvær sólófiðlur og tréblásararnir að spreyta sig á langri kadensu. Tréblásararnir eru reyndar áberandi út allt verkið og í tríóhluta menúettsins sem er dæmigerður fyrir Haydn, spilar óbúið stefið í dillandi sveitadansi (Ländler). Lokakaflinn er svo rasandi hratt og glæsilegt rondó. Í bréfi sem Haydn skrifaði vegna væntanlegs flutnings sínfóníunnar í Vínarborg lagði hann áherslu á mikilvægi finlegrar spilamennsku og mikinn hraða í kaflanum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sínfónía Haydns nr. 96 „Kraftaverkið“ hefur aðeins einu sinni áður hljómað á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands en það var á tónleikum í Háskólabíói síðla árs 1995. Önnur verk á efnisskránni voru Le Tombeau de Couperin eftir Ravel og fimmtíu píanókoncert Beethovens en kanadíski Vesturíslendingurinn Keri-Lynn Wilson stjórnaði flutningnum.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

PIÁNÓKONSERT NR. 2

Á heimleið sinni úr þessari fyrstu ferð til Lundúna kom Haydn við í Bonn og er talið líklegt að þar hafi fundum hans og hins unga Beethovens (1770–1827) borið saman. Beethoven flutti alfarið til Vínarborgar árið 1792 og næstu þrjú árin sótti hann tíma hjá Haydn en einnig Antonio Salieri og fleiri þekktum tónskáldum. Snurða hljóp á þráðinn í samskiptum þeirra Haydns og Beethovens árið 1795 en gagnkvæm virðing þeirra hélst þó til æviloka Haydns árið 1809.

Píanóið var ætíð þýðingarmikið fyrir sköpunarkraft Beethovens. Það var, líkt og fyrir Mozart, hljóðfæri æsku hans og fyrsta frama. Beethoven var afburða píanisti og sagt er að leikur hans hafi verið óviðjafnanlegur. Að sögn samtímamanna hans hafi enginn píanisti, jafnvel ekki Mozart, spilað og spunnið í líkingu við Beethoven. Vissulega fyrirfundust píanóvirtúósar í Vín sem voru honum ef til vill tæknilega fremri, en eins og Friedrich Schiller orðaði það — „hirti Beethoven aldrei um tónlist sem höfðaði til munúðar í því skyni að kitla ráðandi tónlistarsmekk áheyrenda“. Beethoven spilaði frá hjartanu og það sem hreif áheyrendur hans var ofurvald hans á hljóðfærinu, hugmyndaauðgi í spananum, tilfinningaleg dýpt og það hvernig hann í leik sínum túlkaði hug sinn af ótrúlegum sannfæringarkrafti.

Á dögum Beethovens voru verk oftast númeruð eftir því í hvaða röð þau voru frumflutt. Talið er að höfundurinn hafi flutt píanókonsertinn nr. 2 í Burgtheater í Vín í mars 1795 en vitað er með vissu að hann flutti verkið í Prag í október 1798. Á fyrstu Vínarárum sínum gerði Beethoven víðreist með „splunkunýjum“ píanókonserti (C-dúr konsertinum op. 15) en á sama tíma vann hann að endurskoðun á B-dúr konsertinum. Sköpunarferli konsertsins nær þó allt aftur til ársins 1786 þegar tónskáldið bjó ennþá í Bonn. Hann gerði lagfæringar á verkinu 1793 og aftur 1795 og enn frekari umbætur 1798. Fyrir fyrstu útgáfuna árið 1801 tók svo einleiksroddin nokkrum breytingum. Þetta segir okkur að smíði þessa konserts tók Beethoven 15 ár og að hann er í raun eldri en sá sem er skráður númer eitt. Þess ber þó að geta að árið 1784 samdi hinn 14 ára gamli Beethoven píanókonsert í Es-dúr en einungis einleiksroddin, sem sýnir fádæma snilld hins unga píanóleikara og tónsnillings, hefur varðveist.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Píanókonsert Beethovens nr. 2 hefur tíu sinnum áður verið fluttur á tónleikum Sinfóníu- hljómsveitar Íslands. Þórunn Jóhannsdóttir, síðar eiginkona Vladimirs Ashkenazy flutti hann fyrst í Þjóðleikhúsinu undir stjórn föður síns, Jóhanns Tryggvasonar haustið 1953. Fimm aðrir íslenskir píanóleikarar léku síðan konsertinn með hljómsveitinni — Guðrún Kristinsdóttir 1960, Edda Erlendsdóttir 1982, Þorsteinn Gauti Sigurðsson 1988, Anna Snæbjörnsdóttir á útskrifta- tónleikum sínum 1993 og Anna Guðný Guðmundsdóttir 1996. Þá er skylt að geta þess að Vladimir Ashkenazy spilaði konsertinn með hljómsveitinni árið 1975.

Þó að Beethoven hafi á þessum tíma haft fullkomið vald á möguleikum sinfóníuhljómsveitar, var B-dúr píanókonsertinn fyrsta hljómsveitarverkið sem hann áleit tilbúið til útgáfu. Fyrir honum voru píanókonserter Mozarts hápunktar tónsköpunar hins mikla meistara fyrir hljóðfærið og þangað sótti hinn ungi Beethoven fyrirmynd að sínum eigin konsertum fyrir slaghörpuna. Leit hann þar einkum til síðustu konserta Mozarts og gætir áhrifa þeirra í öllum fimm píanókonsertunum. Í fyrstu tveimur píanókonsertum Beethovens er ungæðisleg leikgleði og glæsileiki áberandi. B-dúr konsertinn hefur þó í heild mildara yfirbragð en sá í C-dúr og á það einkum við um fyrstu tvo kaflana. Síðasti kafli hans er í rondóformi líkt og í öllum hinum fjórum píanókonsertunum en í honum ríkir smitandi galsi og jafnvel prakkaraskapur.

PIÁNÓKONSERT NR. 3

Í þriðja píanókonsertinum kveður við nýjan tón. Hér var Beethoven búinn að finna sinn eigin auðþekktanlegan stíl og í stað áherslu á glæsileika einleikarans er komið dramatískt, sinfónískt samtal hans og hljómsveitarinnar sem jafningja. Átti þessi hugmynd Beethovens eftir að finna hljómgrunn hjá höfundum píanókonserta síðar á 19. öld. Fyrstu ár nítjándu aldarinnar voru Beethoven þungbær vegna þverrandi heyrnar og er „Heiligenstadt-bréfið“ sem hann skrifaði til bræðra sinna haustið 1802 átakanlegur vitnisburður um sálarkvalir hans. Fleiri heimildir vitna um þá ákvörðun Beethovens að bjóða örlögum sínum birginn — gefast ekki upp þótt móti blési. Æskuvini sínum ritaði hann árið 1801: „Ég mun taka örlögin kverkataka, þeim mun ekki takast að knésetja mig!“ Heyrnarleysið hafði þó veruleg áhrif á feril Beethovens og einangraði hann sig í æ ríkara mæli frá umheiminum eftir því sem árin liðu.

Líkt og *Pathétique*-sónatan sem hann samdi rétt fyrir aldamótin 1800 og *Örlogasinfónían* sem varð til nokkrum árum síðar, er þriðji píanókonsertinn í c-moll, og hefur þar af leiðandi dökkt yfirbragð. Beethoven sat sjálfur við slaghörpuna þegar konsertinn var frumfluttur í Theater an der Wien 5. apríl árið 1803 en á tónleikunum hljómaði einnig 2. sinfónían og óratorían *Christus am Ölberge* í fyrsta sinn.

Sigurður Ingvi Snorrason

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Rögnvaldur Sigurjónsson spilaði fyrstur manna þriðja píanókonsert Ludwigs van Beethoven á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu snemma vors 1954 og strax sama haust lék Jórunn Viðar konsertinn á sama stað. Síðan þá hefur verkið hljómað samtals 17 sinnum á tónleikum hljómsveitarinnar, síðast haustið 2013. Á afar eftirminnilegum tónleikum í Háskólabíói í árslok 1971 lék Daniel Barenboim konsertinn undir stjórn Vladimirs Ashkenazy en á sömu tónleikum túlkaði Ashkenazy píanókonsert Beethovens nr. 1 með Barenboim á stjórndapalli Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Á DÖFINNI

FIN 16 MAR 19:30



OSMO STJÓRNAR BEETHOVEN

Osmo Vänskä þykir einn eftirtektarverðasti Beethoven-túlkandi okkar daga. Hér hljómar hin dásamlega sjöunda sínfónía Beethovens, sem er ein sú fjörugasta sem hann samdi og sem Wagner kallaði „fullkomnun dansins“. Rússneski pianistinn Yevgeni Sudbin hefur á undanförunum árum sópað að sér verðlaunum fyrir leik sinn. Hann flytur hér hinn guðdómlega A-dúr konsert Mozarts, þar sem skiptast á skin og skúrir með eftirminnilegum hætti. Einnig má heyra verkið Minea eftir finnska tónskáldið Kalevi Aho sem samið var árið 2008 fyrir Minnesota-hljómsveitina og Osmo Vänskä. Fá nýleg hljómsveitarverk hafa hlotið jafn einróma lof gagnrýnenda og áheyrenda.

FÖS 17 MAR 18:00



FÖSTUDAGSRÖÐIN

Sinfóníuhljómsveitin fagnar því að árið 2017 er öld liðin frá því að Finnland öðlaðist sjálfstæði. Á efnisskrá Föstudagsraðarinnar verða tvö finnsk verk undir stjórn Osmos Vänskä: Sept papillons eða Sjö fiðrildi sem Kaija Saariaho samdi árið 2000 og sínfónía nr. 2 eftir Sibelius sem er ein hans glæsilegasta tónsmíð. Einleikari í verki Saariaho er Sæunn Þorsteinsdóttir sem hefur fengið frábæra dóma fyrir innlifaðan sellóleik sinn og hefur leikið kammertónlist m.a. með Itzhak Perlman og Mitsuko Uchida.

FIN 23 MAR 19:30



POSCHNER STJÓRNAR BRUCKNER

Sinfónían nr. 8 er jafnan talin með bestu sínfóníum Bruckners. „Þessi sínfónía er krúnudjásn tónlistarinnar á vorum dögum“ sagði einn hugfanginn hlustandi og tónjöfrarnir Hugo Wolf og Johann Strauss voru á sama máli. Sínfóníur Bruckners hljóma sjaldan hér á landi og sú áttunda hefur ekki heyrst í rúman áratug. Það er því fagnaðarefni að flutningur hennar nú verði í örugum höndum Markusar Poschners, sem hefur stjórnað Sínfóníuhljómsveit Íslands margt frá árinu 2009. Það er samdóma álit manna SÍ leiki sjaldan betur en undir hans stjórn.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

9. MARS 2017

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Jeff Moore
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rannveig Sarc
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Pascal La Rosa
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Laufey Jensdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Þóra Margrét Sveinsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Eugenie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Ásgeir Steingrímsson

PÁKUR

Frank Aarnink

Sigurður Kristinsson *píanóstillari*

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftast en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is